

**Athugasemdir við frumvarp<sup>1</sup> til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.**

Starfsmenn Stofnunar Sigurðar Nordals  
Rósa Sveinsdóttir, deildarstjóri  
Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/665**  
**komudagur 17.1.2006**

**Almennt:**

Sameining hefur oft skilað af sér góðu starfi en ekki alltaf. Stór starfsstöð þýðir stundum betra vinnuframlag, meiri þjónustu og afkastameiri rannsóknir en ekki alltaf. Að okkar mati er Stofnun Sigurðar Nordals dæmi um smáa einingu sem hefur skýrt afmarkað hlutverk þar sem því er vel sinnt þrátt fyrir (eða kannski vegna) smæðarinnar. Aðsetur stofnunarinnar er í sögulegu húsi sem tengir starfsmenn og þeirra viðskiptavini við fræðin í sögulegu umhverfi. Við viljum með þessum orðum minna á að það er ekki alltaf stærðin sem skiptir máli. Við sameiningu þeirra fimm stofnana sem á nú að setja undir sama hatt: Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar er ætlunin að efla íslensk fræði og því fögnum við.

**Nokkrar athugasemdir við frumvarpið:**

Í 6. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir samstarfssamningi á milli hinnar nýju stofnunar og Háskóla Íslands. Hér er mikilvægt að gæta þeirra réttinda sem starfsmenn stofnana njóta nú sem hluti af starfsliði Háskóla Íslands t.d. með ársmati.

Í *Athugasemdum við lagafrumvarp þetta* stendur „Markmiðið er að til verði öflug háskólastofnun sem byggir á helstu undirstöðum íslenskrar menningar; tungumálinu og fornbókmenntunum.” Hér kemur fram þröng skilgreining á undirstöðu íslenskrar menningar þar sem hugtakið íslensk menning er skilgreint sem tungumál og fornbókmenntir. Íslensk menning er svo miklu víðtækari og Stofnun íslenskra fræða þarf að sinna fleiri þáttum íslenskrar menningar, ekki síður en tungumálinu og fornbókmenntunum.

Fagna ber auknu samstarfi við aðrar háskólastofnanir. Hvernig á slíku samstarfi að vera háttað þar sem takmarkaðar rannsóknir eða kennsla eru til staðar á sviði íslenskra fræða í öðrum stofnunum á háskólastigi hér á landi fyrir utan Háskóla Íslands? Er nauðsynlegt eða skynsamlegt að rjúfa tengslin við Háskóla Íslands til að greiða fyrir slíku samstarfi?

Í athugasemdum um 3. gr. d) er fjallað um aukna þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi og að stofnunin kynni íslenska menningu heima og erlendis. Hér hefur Stofnun Sigurðar Nordals unnið gott starf t.d. með vinsælum sumarnámskeiðum í íslensku sem haldin eru í góðu samstarfi við Háskóla Íslands sem og þátttöku í evrópskum tungumálaverkefnum. Þar er áherslan ekki síður lögð á nemendur og almenning en fræðimenn. Einnig hefur stofnunin umsjón með þjónustu við sendikennara í íslensku og íslenskum fræðum erlendis. Hér þarf því að gæta að leggja ekki ofuráherslu á fræðimannasamfélagið, þó þar sé einnig unnið gott starf við kynningu íslenskra fræða, því almenningur t.d. háskólastúdentar eru ekki síður mikilvægur markhópur þar sem ríkur áhugi er til staðar. Þetta á þó alls ekki að draga út fræðilegum kröfum til verkefna og starfsmanna og fræðilegu hlutverki hinnar nýju stofnunar.

<sup>1</sup> Þskj. 363-331. mál. 2005. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006.

16. janúar 2006

Um 4. og 5. gr. er fjallað um hlutverk forstöðumanns. Samkvæmt því ræður hann starfsmenn stofnunarinnar aðra en til rannsóknarstarfa. Nú er verið að sameina fimm stofnanir í eina og mun sú stofnun verða mjög ráðandi á sviði íslenskra fræða og einn af fáum starfsstöðvum fyrir fræðimenn á þessu sviði. Stefna eins forstöðumanns sem hefur svo mikil völd getur því haft afgerandi áhrif á mótun íslenskra fræða, skilgreiningu þeirra og rannsóknir svo eitthvað sé nefnt.

Róna Sveinbjörns  
Guðrún Haukey Guðmundsdóttir